Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 750/2008

1. Vöruheiti - notkun - innflytjandi/framleiðandi

Vöruheiti: **Q8 Heller 46**
Vörunúmer: **7503 43803-20**
7503 43802-208
7503 43802-A99 43805

Notkunarsvið: Smurolía til notkunar í vökvakerfum

Söluaðili: **N1**
Dalvegur 10-14
201 Kópavogur
Sími: 440 1000
Netfang: n1@n1.is
Veffang: www.n1.is

Framleiðandi: **Kuwait Petroleum (Danmark) A/S**
Banevænget 13, DK 3460 Birkerød

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222.
Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

Flokkun efnisins skv. tilskipun EB 1272/2008 (GHS/CLP):

Eðli vöru: Efnablanda.

Innihaldsefni með óþekktum eiturhrifum/visteiturhrifum: Engin.

Flokkun vörunnar skv. tilskipun EB 1999/45: Varan er ekki flokkuð sem hættuleg skv. tilskipun 1999/45 EB með síðari breytingum.

Merking:

Hættutákn: Ekkert

Viðvörunarorð: Ekkert

Hættusetningar: Engar

Varnaðarsetningar: Engar

Önnur merking: Notendur í atvinnuskyni geta óskað eftir nánari upplýsingum frá söluaðila.

Önnur hætta: Varan affitar húð.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning - upplýsingar um innihaldsefni

Innihald: Efnablanda.

Efni	EB-nr.	CAS-nr.	Styrkur %	Hættuflokkun skv. 67/548	Hættuflokkun skv. GHS/CLP
Eimi (úr jarðolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug	265-169-7	64742-65-0	35-50	-	**H304,** Eit.v.ásvelg. 1 (2)
Eimi (úr jarðolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug	265-169-7	64742-65-0	35-50	-	-

Varan inniheldur engin efni sem sem eftir bestu vitund framleiðanda flokkast sem PBT eða vPvB.
(PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

(1): Efnið er flokkað sem skaðlegt heilsu og umhverfi. (2): Efnið hefur skilgreind mengunarmörk.

Mengunarmörk efna eru tilgreind í lið 8, séu þau fyrir hendi.

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.
Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Skyndihjálp

Almennt: Öryggisblað skal ávallt vera tiltækt á vinnustað. Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf. Tryggið ferskt loft. Veitið öndunaraðstoð, andi sá slasaði óreglulega eða alls ekki. Ef grunur um heilsutjón vaknar skal strax leita til læknis. Sýnið öryggisblaðið. Sé sá slasaði meðvitundarlaus, leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax læknis. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk. Athugið að hættulegt getur verið að nota blástursaðferð ef efnið er eitrað, hættulegt við inntöku eða ætandi.
Losið um fatnað sem þrengir að líkama hins slasaða. Gætið þess að ekki þrengi að öndunarvegi.

Inntaka: Gefið hinum slasaða vatn að drekka. Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum.Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk. Stöðvið vatnsgjöf finni hinn slasaði til ógleði. Framkallið ekki uppköst. Leitið læknis, hverfi einkenni ekki fljótlega.

Innöndun: Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt.

Snerting við húð: Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis ef erting myndast.
Stórhætta getur myndast sprautist varan undir húð. Leitið strax læknis þótt einkenni séu smávægileg í byrjun.

Snerting við augu: Skolið varlega með miklu vatni í amk 10 mínútur og haldið augum vel opnum.
Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið læknis ef erting myndast.

Einkenni: Einkenni við snertingu við húð geta verið: Erting, þurrkur, sprungumyndun. Getur verið lífshættulegt ef vara berst í lungu eftir inntöku. Getur valdið ógleði og uppköstum eftir inntöku.

Til heilbrigðisstarfsmanna: Meðferð sé samkvæmt einkennum. Hafið strax samband við lækni við inntöku eða innöndun á miklu magni.

5. Bruni - slökkviaðgerðir

Almenn viðbrögð: Fjarlægið umbúðir af eldstað ef mögulegt er, kælið annars með vatnsúða
Gætið þess að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.
Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

Slökkvibúnaður: Slökkviduft, alkóhólþolin froða, vatnsúði eða koldíoxíð. Sprautið ekki vatni beint á eld.

Sérstakar hættur: Eldfimur vökvi. Þrýstingur í lokuðum umbúðum hækkar við upphitun eða bruna. Umbúðir geta sprungið. Einangrið brunasvæði og haldið fólki fjarri. Gætið að eigin öryggi og annarra og aðhafist ekkert nema viðeigandi þjálfun hafi komið til. Flytjið umbúðir af brunasvæði, sé það unnt án áhættu
Notið vatnsúða til að kæla umbúðir.

Hættuleg myndefni við bruna:
Kolmónoxíð, koldíoxíð, brennisteinsoxíð (SOx).

Sérstakur hlífðarbúnaður: Notið sjálfstæðan öndunarbúnað við slökkvistörf. (sjá staðal EN 469 um hlífðarfatnað f. slökkvilið).

6. Efnaleki

Öryggisráðstafanir: Aðhafist ekkert sem getur haft í för með sér áhættu nema viðeigandi þjálfun hafi komið til.
Rýmið nærliggjandi svæði, og sjáið til þess að óviðkomandi séu ekki nærri. Snertið ekki efnið sem hefur lekið út. Fjarlægið alla eld- eða neistagjafa. Reykið ekki. Forðist innöndun gufu eða úða. Tryggið full nægjandi loftræstingu. Notið viðeigandi öndunarbúnað sé loftræsting ófullnægjandi.
Notið viðeigandi persónuhlífar (liður 8.).

Ráðstafanir v. umhverfis: Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.
Tilkynnið viðkomandi yfirvöldum ef mengun hefur átt sér stað.

Hreinsunaraðferðir: Stöðvið lekann ef það er unnt án áhættu. Færið ílát frá menguðu svæði. Þynnið með vatni og hreinsið upp með moppu sé efnið vatnsleysanlegt. Ef ekki, notið óbrennanleg ísogsefni og setjið í viðeigandi ílát til förgunar.

Sé um mikinn leka að ræða, getur reynst nauðsynlegt að mynda varnargarða úr óbrennanlegum ísogsefnum. Vinnið vindmegin við mengunarsvæðið. Tilkynnið strax viðkomandi yfirvöldum um lekann.
Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

7. Meðhöndlun og geymsla

Meðhöndlun: Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tíðkast við meðhöndlun efna. Notið viðeigandi persónuhlífar og forðist langvarandi eða endurtekna snertingu við húð. Neytið einskis í námunda við efnið og hreinsið hendur og húð vandlega þegar vinnu lýkur. Forðist snertingu við húð, augu eða fatnað. Forðist innöndun gufu eða úða.
Tryggið góða loftræstingu, en notið öndunarbúnað að öðrum kosti. Farið ekki inn í illa loftræst lokuð rými.

Geymið efnið í upphaflegum umbúðum eða samsvarandi. Hafið umbúðir vel luktar sé efnið ekki í notkun. Forðist neista, opinn eld eða aðra íkveikjuvalda. Notið sprengivarinn búnað og verkfæri sem ekki mynda neista. Gerið varúðarráðstafanir vegna stöðurafmagns, og jarðtengið ílát, sé efninu hellt á milli. Tómar umbúðir innihalda efnaleifar og geta þannig reynt hættulegar. Endurnotið ekki ílát.

Geymsla: Geymið í upphaflegum umbúðum, vel luktum, við herbergishita á þurrum, vel loftræstum stað. Geymið fjarri beinu sólarljósi og efnum sem ber að varast (sjá 10. lið.), svo og matvælum. Haldið fjarri íkveikjuvöldum og oxandi efnum. Hafi umbúðir verið opnaðar, lokið þeim vandlega aftur og gætið þess að þær standi uppréttar til að forðast leka. Geymið ekki í ómerktum umbúðum. Geymist þar sem börn ná ekki til. Æskilegt geymsluhitastig 5-25° C.

8. Takmörkun váhrifa - persónuhlífar

Viðmiðunarmörk váhrifa:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Athugasemd	Uppruni
Eimi (úr jarðolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug		1			Úði, ryk	Vinnueftirlit Danmörku
Eimi (úr jarðolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug		1			Úði, ryk	Vinnueftirlit Danmörku

Almennar ráðstafanir: Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Nauðsynlegt kann að reynast að fylgjast með mengunarmörkum efna og gæta þess að þeim sé haldið. Einnig ætti að fylgjast með ástandi mengunarvarna á vinnustað. Sjá staðal EN 689 um mat á váhrifum.

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins innan mengunarmarka. Slíkar ráðstafanir ættu að halda úða- eða rykstyrk undir hættumörkum.

Ráðstafanir vegna hreinlætis:
Hreinsið hendur, handarkrika og andlit vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði.

Öndunarfæri: Forðist innöndun gufu með góðri loftræstingu og vinnuvenjum. Notið viðeigandi öndunarbúnað af viðurkenndri gerð. Veljkið síu í samræmi við gerð innihaldsefna og ætlaðan styrk þeiira í andrúmslofti.

Hendur: Við meðferð efnavara skal að jafnaði nota efnaþolna, gegnstreymisvarða hanska af viðurkenndri gerð. Sjá staðal EN 374.

Augu: Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð, sé þörf á að forðast slettur, úða, eða ryk.

Húð: Veljið hlífðarbúnað með tilliti til verkefnisins og gætið þess að hann hæfi aðstæðum.

Umhverfi: Gætið þess að útblástur frá loftræstibúnaði uppfylli kröfur um mengunarvarnir. Nauðsynlegt kann að reynast að nota hreinsunarbúnað, t.d. síur til að tryggja það.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Eðlisástand:	Vökvi, olíukenndur		
Lykt:	Einkennandi		
Litur:	Tær, gulleitur		
Sýrustig (pH):	7		
Suðumark:	>300°C		
Bræðslumark:	<-33°C		
Blossamark:	>192°C		(ASTM D92)
Sjálftendrun:	>300°C		
Niðurbrotshitastig:	>300°C		
Gufuþrýstingur við 20°C:	<0,01	kPa	
Eðlismassi:	0,87	g/cm3	
Vatnsleysni:	Óleysanlegt		
Seigja við 40°C	46	cSt	
Seigja við 100°C	8,15	cSt	

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Stöðugleiki: Stöðugt við venjulegar aðstæður.

Aðstæður sem ber að varast: Forðist háan hita, opinn eld og aðra íkveikjuvalda.

Efni sem ber að varast: Sterkir oxarar.

Hættuleg niðurbrotsefni: Við venjulegar notkunaraðstæður myndast engin hættuleg niðurbrotsefni.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

Bráð eiturhrif:

Efni:		Inntaka LD50	Innöndun LC50	Ísog um húð LD50	Aðferð
Eimi (úr jarðolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug		>5000 mg/kg (rotta)	5,53 mg/l (4 klst) (rotta)	>5000 mg/kg (kanína)	

Erting/æting:

Efni:	Gildi	Tegund	Einkenni	Snertitími	Eftirlit
Eimi (úr jarðolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug	0,17	kanína	Húð, roði og þurrkur	72 klst	7 dagar
	0	kanína	Húð, bjúgmyndun	72 klst	7 dagar
	0	kanína	Augu, skaði á sjáöldrum	48 klst	72 klst
	0,33	kanína	Augu, roðamyndun	48 klst	72 klst

Næming:

Efni:		Tegund	Snertileið	Niðurstaða
Eimi (úr jarðolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug		marsvín	Húð	Veldur ekki næmingu

Stökkbreytingar:

Efni:		Próf	Tegund	Niðurstaða
Eimi (úr jarðolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug		474 / Spendýr	Lifandi spendýr	Neikvæð

Krabbamein:

Efni:		Tími	Tegund	Niðurstaða
Eimi (úr jarðolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug		78 vikur	Mús (kvk)	Neikvæð (húð)

Eiturhrif á æxlunarfæri:

Efni:	Styrkur	Tegund	Niðurstaða
Eimi (úr jarðolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug	Inntaka 1000 mg/kg	Mús (kvk)	Neikvæð

Eiturhrif á fóstur:

Efni:	Styrkur	Snertitími	Tegund	Niðurstaða
Eimi (úr jarðolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug	2000 mg/kg	7 dagar/viku	Rotta	Neikvæð (húð)

Innöndun: Engin sérstök áhrif þekkt.

Inntaka: Engin sérstök áhrif þekkt.

Snerting við húð: Affitar húð, getur valdið þurri og sprunginni húð.

Snerting við augu: Engin sérstök áhrif þekkt.

Langvinn eiturhrif:

Efni:		Tegund	Niðurstaða	Snertitími	Styrkur
Eimi (úr jarðolíu), vaxsneydd með leysiefni, þung, parafínauðug		rotta (kk, kvk)	Meðallöng hrif NOAEL inntaka	13 vikur 5 d/viku	>=2000 mg/kg
		rotta (kk)	Skammvinn áhrif LOAEL inntaka	13 vikur 5 klst/dag	125 mg/kg
		rotta (kk)	Skammvinn áhrif NOAEL innöndun ryk og úði.	4 vikur 5 d/viku	>980 mg/m3

12. Vistfræðilegar upplýsingar

Visteiturhrif: Engin þekkt

Hugsanleg uppsöfnun í lífverum:

Efni:		Log Pow	BCF	Líkindi
Eimi (úr jarðolíu), vaxsneydd með leysiefni, létt, parafínauðug		>3	-	mikil

Dreifanleiki í jarðvegi: Upplýsingar liggja ekki fyrir.

13. Förgun

Vara: Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Tómar umbúðir eða innra lag þeirra geta innihaldið leifar efnisins. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku.

Umbúðir: Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálft.

Reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, flokkast efnið og leifar þess sem :
13 01 10 (glussar sem gerðir eru úr jarðolíum og eru án klórs)

14. Flutningar

Sjóflutningar: IMDG	Ekki flokkað sem hættulegur farmur
Flugfrakt: ICAO/IATA	Ekki flokkað sem hættulegur farmur
Vegaflutn.: ADR-reglur	Ekki flokkað sem hættulegur farmur

15. Lög, reglugerðir og merkingar

Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir. (REACH).

Inniheldur: Varan inniheldur efni þar sem efnaöryggismats er krafist.

16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Texti allra hættusetninga og hættumerkinga sem vikið er að í liðum 2. og 3. á þessu öryggisblaði:

H304	Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg	Eit.v.ásvelg. 1

Útgáfa: 1.
Dags: 16.09.2012

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***Q8 OILS SIKKERHEDSDATABLAD: Q8 HELLER 46 (ISO VG 46)***
Útgáfudags: *13.08.2012 (Útgáfa 1.01)*